

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 176/2022

2022/EES/66/12

frá 10. júní 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699 frá 18. apríl 2017 um að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í hverju aðildarríki og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ⁽²⁾, var tekin upp í XX. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2015 frá 10. júlí 2015 ⁽³⁾.
- 3) Þar sem Liechtenstein er hluti af svissneska kerfinu fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang, eru ekki til neinar sérstakar upplýsingar varðandi raf- og rafeindabúnaðarúrgang í Liechtenstein Liechtenstein skal því vera undanþegið frá 7., 11. og 16. gr. tilskipunar 2012/19/ESB og II. og XX. viðaukar við samninginn breytast í samræmi við það.
- 4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699 gildir ekki um Liechtenstein á grundvelli undanþágu Liechtenstein frá 7. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.
- 5) II. og XX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 9daa (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1752) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„9e. **32012 L 0019:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (endursamin) (Stjttíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

7. gr., 11. gr. og 16. gr. gilda ekki gagnvart Liechtenstein.

9ea. **32017 R 0699:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699 frá 18. apríl 2017 um að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í hverju aðildarríki og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki (Stjttíð. ESB L 103, 19.4.2017, bls. 17).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda ekki gagnvart Liechtenstein.“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 103, 19.4.2017, bls. 17.⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38.⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 8, 12.1.2017, bls. 32.

2. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 32fa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB):

„32fa. **32012 L 0019**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (endursamin) (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

7. gr., 11. gr. og 16. gr. gilda ekki um Liechtenstein.“

2. Eftirfarandi texta er bætt við á eftir lið 32fa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB):

„32faa. **32017 R 0699**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699 frá 18. apríl 2017 um að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í hverju aðildarríki og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki (Stjtið. ESB L 103, 19.4.2017, bls. 17).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda ekki gagnvart Liechtenstein.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/699, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.